

22. jún. 2013

Þingsályktunartillaga um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi (142. löggj.þ.)

Alþingi - nefndasvið
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 9. mál, þál.till. um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi (142. löggj.þ.)

Heildarmat og tillaga

Að teknu tilliti til neðangreinds tel ég þingsályktunartillögu (þál.till.<<http://www.althingi.is/altext/142/s/0009.html>>) þessa - að frátöldu misræmi um "afnám verðtryggingar af neytendalánum" sem rakið er hér að neðan - geta orðið til mikilla hagsbóta fyrir neytendur eins og rakið skal í umsögn hér að neðan.

Legg ég vinsamlegast til að þál.till. verði samþykkt af Alþingi að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram koma hér á eftir og einkum þeirri breytingu að fulltrúar neytenda komi á öllum stigum að útfærslu tillagna og tillögugerð um úrbætur, svo og að afnám verðtryggingar hljóti að ná einnig til þegar tekinn neytendalána eins og rökstutt er hér að neðan.

Til efni

Vísað er til tölvuskeytis yðar, dags. 14. júní sl., um ofangreint þingmál<<http://www.althingi.is/altext/142/s/0009.html>>.

Almennt um þingsályktunartillöguna

Almennt skal nefnt að tillagan er, sem sagt, til mikilla bóta fyrir neytendur með fyrirvara um "afnám verðtryggingar af neytendalánum" eins og að neðan greinir um tilraun til þrengingar þeirra áforma við ný lán. Þá er rétt að nefna að huga þarf að framtíðarstöðu neytenda að teknu tilliti til lærdóma af hruninu og vinnur talsmaður neytenda m.a. að tillögu um réttarstöðu neytenda í kjölfar greiðslu samkvæmt kröfum fyrirtækja sem síðan gera frekari kröfu um greiðslu.

Um einstaka liði þál.till.<<http://www.althingi.is/altext/142/s/0009.html>> skal eftirfarandi tekið fram.

Um 1) Sérfræðingahópur útfæri mismunandi leiðir til að ná fram höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána og geri tillögur þar að lútandi

Ég tek undir tillögu í 1. tl. en tel réttara að kröfuhafar beri kostnað af leiðréttingu forsendubrests en skattgreiðendur eins og marg oft hefur komið fram í tillögugerð og málflutningi af hálfu talsmanns neytenda. Þá tel ég mikilvægt - bæði vegna efnis málsins og til þess að auka traust á þeim tillögum sem gerðar verða - að jafnræði verði í sérfræðingahópi, sem gera mun tillögur um útfærslu, þannig að neytendur eigi fulltrúa í þeim hópi; þannig tilnefni aðili, sem hefur lagaskyldu eða lýðræðislegt umboð til þess að gæta hagsmuna neytenda, fulltrúa lántakenda í hópinn.

Um 2) Gerð verði úttekt á kostum og göllum þess að stofna sérstakan leiðréttingarsjóð vegna húsnæðislána

Sama og undir 1).

Um 3) Kannað verði hvernig gera megi eigendum yfirskuldsettra íbúða kleift að losna án gjaldþrots undan eftirstöðvum sem veðið sjálft stendur ekki undir

Rétt er að taka fram að erindisbréf varðandi 3. tl. mun varla lúta að því hvort heldur "hvernig" megi gera eigendum yfirskuldsettra íbúða þetta kleift enda er í þál.till.<<http://www.althingi.is/altext/142/s/0009.html>> rætt um "tímabundið" úrræði. Því tel ég mikilvægt að horft verði til þess hvernig megi með hliðsjón af meðalhófsreglu og gjaldþrotarárræðisins og annarra úrræða í skuldaskilarétti ná þessu markmiði fram þannig að úrræðið taki einnig til skuldbindinga sem þegar hafa orðið til. Lögð er áhersla á að lán til kaupa á íbúðarhúsnæði hafa- eins og vera ber - vegna félagslegrar þýðingar húsnæðismála iðulega notið betri kjara en aðrar lántökur.

Ég tek undir það markmið að úrræðið verði tímabundið og þau ummæli að "það eigi ekki að vera regla að fólk geti gengið frá húsnæðisskuldum sínum með þessum hætti til frambúðar." A.m.k. tel ég að slík framtíðarregla þyrfti að vera með þeim hætti að neytendur gætu valið hinn kostinn svo að allir lántakendur gyldu ekki fyrir með hærra áhættuálagi í vöxtum að lánveitendur deildu í raun áhættu af verðþróun fasteigna og greiðslugetu lántakenda. Til samanburðar má benda á að áhætta af verðbólgu, sem "eytt" er úr lánssamningi með því að lántakandinn einn taki hana alfarið á sig með verðtryggingu, er almenn en áhætta af greiðslugetu lántakenda og að einhverju leyti verðþróun fasteigna er sértækari og að miklu leyti bundin aðstæðum og t.a.m. viðhaldi fasteignar og staðsetningu hennar; sértækar ástæður áhættu hefur lántakandi frekar í hendi sér en verðbólguþróun.

Um 4) Skipuð verði verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála

Sama og undir 1) að því viðbættu að leigjendur eigi sérstakan fulltrúa í verkefnisstjórninni.

Um 5) Lögfest verði flýtimeðferð dómsmála sem tengjast skuldavanda heimilanna og varða ágreining um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu

Ekki er lagst gegn þessari tillögu en bent skal á að hún hefði þurft að koma mun fyrr til þess að ná tilætluðum árangri. Sem talsmaður neytenda vinn ég nú að tilmælum til fjármálafyrirtækja um að öll mál af því tagi, sem um ræðir í tillögunni, fari fyrir dómara áður en fullnustu er leitað. Að öðrum kosti kemur til álita að leggja til að sett verði lög þess efnis.

Um 6) Settur verði á fót sérfræðingahópur um afnám verðtryggingar af neytendalánum

Tekið er undir tillöguna og rök með henni að öðru leyti en því að hróplegt misræmi er á milli fyrirsagnar 6. tl. og stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar<<http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlýsing/>> fyrir réttum mánuði síðan um "afnám verðtryggingar af neytendalánum" og texta í meginmáli þál.till.<<http://www.althingi.is/altext/142/s/0009.html>> þar sem í fyrsta skipti er rætt um að verkefni "sérfræðingahópsins verði að útfæra afnám verðtryggingar nýrra neytendalána." (Áhersla hér.) Þessi þrenging frá fyrirsögn og undirritaðri stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar<<http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlýsing/>> stangast beinlínis á við orðið afnám enda þarf ekki að afnema verðtryggingu á óteknum lánum; ekki er hægt að afnema ákvæði í ógerðum samningum! Ákvæði um verðtryggingu til framtíðar - á nýjum neytendalánum - er hægt að banna eða skilyrða frekar en gert er í gildandi lögum<<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001038.html>> og reglum samkvæmt þeim. Orðin "afnám" og "afnema" hljóta að vísa til ákvæða í gildandi samningum um neytendalán og á það að

mati talsmanns neytenda að verða verkefni væntanlegs sérfræðingahóps að meta og leggja til hvernig það verði gert miðað við væntingar sem staðfestar voru með stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar<<http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlýsing/>>. Ég býð fram aðstoð mína sem talsmaður neytenda við að leggja mat á hvernig það megi gera enda verður ekki unað við að það mat hafi þegar farið fram án opinberrar og gagnsærrar umræðu og rýni.

Er þetta sá skilningur<UrlBlockedError.aspx> sem ég hef sem talsmaður neytenda lagt í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar<<http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlýsing/>> eins og rökstutt var ítarlega í pistli í talhorninu<UrlBlockedError.aspx> nýverið.

Til frekari skýringar má í dæmaskyni nefna að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar<<http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlýsing/>> er næst á undan umfjöllun um "afnám verðtryggingar af neytendalánnum" fjallað um afnám hafta, á fjármagnsflutninga og gjaldeyris. Sama merking er þar lögð í hugtakið afnám og talsmaður neytenda leggur hér í orðin "afnám verðtryggingar af neytendalánnum" - þ.e. afnám einhvers sem er til staðar en ekki bann við einhverju sem verða skyldi ella.

Um 7) Kannað verði hvernig eignalausum einstaklingum verði gert kleift að greiða kostnað vegna gjaldþrotaskipta á búi sínu

Ég tek undir þessa tillögu enda hef ég frá lokum maímánaðar unnið í samráði við dómstjóra, dómstólaráð, innanríkisráðuneytið, Lögmannafélag Íslands, Creditinfo - Lánstraust hf. og umboðsmann skuldara að tillögu þessa efnis. Lítur sú tillaga væntanlega dagsins ljós á næstu dögum.

Um 8) Sérfræðingahópur meti möguleika á því að leggja gjald á fjármálafyrirtæki vegna mikilla tafa á endurútreikningi lána

Um er að ræða mjög athyglisverða tillögu sem ég tek undir með fyrirvara um útfærslu enda virðist hér um að ræða eins konar féviti sem ýmist er rætt um sem "gjald" (fyrirsögn) eða "sektar" möguleika (meginmál). Tel ég að til greina komi að slíkt féviti verði almenn regla þegar brotið er freklega eða ítrekað gegn hagsmunum og réttindum neytenda samkvæmt lögum eða samningum.

Um 9) Stimpilgjöld af lánskjöllum verði endurskoðuð og stefnt að afnámi stimpilgjalda vegna kaupa einstaklinga á húsnæði til eigin nota

Ég tek undir þessa tillögu - ekki síst það sem lýtur að flutningi skuldbindinga á milli lánveitenda í því skyni að auka samkeppni enda hef ég áður<UrlBlockedError.aspx> lagt til<<http://www.talsmadur.is/Pages/637?NewsID=743>> slíka breytingu á lögum um stimpilgjald. Sú tillaga "sofnaði<UrlBlockedError.aspx>" í fjármálaráðuneytinu skömmu fyrir hrun en skömmu eftir hrun féllst<UrlBlockedError.aspx> Alþingi tímabundið á tillögu talsmanns neytenda þess efnis.

Vísað er til röksemda í meginmáli þál.till.<<http://www.althingi.is/altext/142/s/0009.html>> og tekið undir þau:

"Með afnámi stimpilgjalda dregur úr kostnaði heimila við lántöku og einnig mun sú aðgerð auka hreyfanleika viðskiptavina milli banka og stuðla þannig að aukinni samkeppni á fjármálamarkaði."

Um 10) Hagstofa Íslands fái skýrar heimildir til að afla upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja

Tek ég undir þessa tillögu þó að hún hefði þurft að koma fram fyrir til þess að ná besta árangri. Um það þingmál verður væntanlega gerð sérstök umsögn frá talsmanni neytenda.

Virðingarfyllt,

talsmaður neytenda,
Gísli Tryggvason.